ÁRSSKÝRSLA

Byggðasafns Skagfirðinga

2015

Formáli

Safnsvæðið í Glaumbæ er einn fjölmennasti ferðamannstaður Skagafjarðar. Gestir á safnsýningum hafa aldrei verið fleiri og fjöldi þeirra sem sóttu fræðslu, störf eða viðgjörning hjá safninu ekki heldur, hvort sem litið er til sérfræðinga í rannsóknum, nemenda á hinum ýmsu skólastigum eða iðnaðarmanna. Í skýrslu um söfn og ferðaþjónustu, sem unnin var af Rannsóknasetri í safnafræðum og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og útgefin í október, kemur fram að erlendum safnagestum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Það er sannarlega hægt að staðfesta. „Hvort fjölgun ferðamanna og safnagesta ýti undir aukinn fjölda safna, hvort fjölgun safna ýti undir fjölda ferðamanna og safnagesta eða hvort áhrifin verki hvort á annað“[1] eins og segir í skýrslunni er líka sennilegt en í því samhengi verður að skoða málin betur. Í úrvinnslu skýrslunnar virðist hugtakið safn tákna sýningu af hvaða tagi sem er og skilgreindir safngestir því gestir allra sýninga. Í úrvinnslunni er því ekki hægt að átta sig á hvort gerður er greinarmunur á söfnum, setrum, safnvísum eða sýningum, þótt þau séu skilgreind í upphafi hennar. Forvitnilegt væri að sjá skýrslu sem miðaðist eingöngu við safnsýningar samkvæmt þeim skilgreiningum. Sýningar, sem settar hafa verið upp af setrum og öðrum á undanförnun áratugum hafa yfirleitt verið settar upp beinlínis til að draga að ferðamenn. Til að söfnin hafi gagn af skýrslu sem þessari verður að skoða á hvaða forsendum sýningar eru settar upp og mæla þær samkvæmt því, og afmarka við safnsýningar. Ekki síst fyrir það að fram kemur í skýrslunni að menningar- og markaðsfulltrúar, starfandi fyrir sveitarfélögin eða samtök þeirra, telja áhrif safna í uppbyggingu í ferðaþjónustu takmörkuð. „Það vekur upp spurningar um hvort áhrif safna séu yfirhöfuð metin og hvernig þau séu þá metin. Út frá þessu má leiða líkum að því að málaflokkur safna og áhrif hans innan ferðaþjónustu sé afskiptur“[2], segja skýrsluhöfundar. Þá er spurningin við hvað menningarfulltrúarnir miðuðu svör sín. Allar sýningar, setur, söfn, eins og túlkendur skýrslunnar virðast gera eða söfn og safnsýningar. Skýrsluhöfundar túlka það „á þann hátt að í augum menningarfulltrúa séu söfn hliðarafurð eða viðbót; að svæðið yrði áhugaverðara fyrir tilstilli safna, en enginn myndi þó leggja leið sína þangað sérstaklega vegna þeirra“[3], sem er umhugsunarverð niðurstaða ef mengið er allar sýningar.

Það hvort söfn, þ.e. sýningar, verði „mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu“[4] gæti farið eftir því hvort hægt er að vekja áhuga gestsins fyrirfram er umhugsunarvert. Markaðssetning safnsýninga er mismikil og sannarlega skiptir máli hvort ferðaþjónustuaðilar vekja athygli á þeim, þegar bent er á afþreyingu. Fá söfn hafa burði til að markaðssetja sýningar sínar sem sérstakt aðdráttarafl fyrir ferðamenn. „Fulltrúar markaðsstofanna telja að söfn geti skapað áfangastað í ferðaþjónustu sem er vísbending um að söfn séu álitin viðbót við þá þjónustu sem þegar er til staðar fremur en að vera sérstakt aðdráttarafl“[5], segja skýrsluhöfundar. En við hvað miðuðu fulltrúarnir? Allar sýningar eða fáeinar safnsýningar?

Ýmislegt má læra af skýrslunni og hvort sem menningar- og markaðsfulltrúar miðuðu svör sín við viðurkennd söfn eða allar sýningar voru þeir „sammála um að hæfni og mannauður safna væri einn þeirra þátta sem þegar eru til staðar og styðja við ferðaþjónustu á þeirra svæði“[6]. Sé horft á sýningar safna, setra og gestastofa hér í Skagafirði virðist samspil staðsetnigar, markaðassetningar og umfjöllunarefnis ráða um aðsókn að þeim og fari söfnin alltaf að velja til sýninga og láta ráða för hvað er mest spennandi efni fyrir ferðamenn er hætt við að túlkun á menningararfi okkar geti orðið á skjön við veruleikann. *SS*.

---

[1] http://www.safnarad.is/um-safnarad/frettir/skyrsla-um-sofn-og-ferdathjonustu, bls. 30. Sótt 15.2.2016.
[2] Sama, bls. 36-7.
[3] Sama, bls. 38.
[4] Sama, bls. 81.
[5] Sama, bls. 47.
[6] Sama, bls. 39.

Efnisyfirlit

Formáli **1**

Starfsmenn **3**

Safngestir 4
Rýmri opnunartími sýninga 4

Söfnun heimilda og skráningar **5**

Millisafnalán **5**

Miðlun **5**

Rannsóknaskýrslur 6
Viðtöl, kynningar 6
Greinar, erindi og ráðstefnur 7

Misjafn er sauður í mörgu fé **7**

Fyrirbyggjandi aðgerðir og viðgerðir **8**

Fornverkaskólinn og Tyrfingsstaðaverkefnið **9**

Námskeið 2015 9

Ýmis verkefni, samstarf og þjónusta **10**

Styrkir **11**

Starfsemi Fornleifadeildar 2015/Guðný Zoëga **12**

Ljósmyndir eru frá Byggðasafni Skagfirðinga, nema annað sé tekið fram.
Texti: Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir.
© Byggðasafn Skagfirðinga, 2016. Forsíðumyndin er af kirkjusögurannsakendum í ágúst 2015.

Starfsmenn

Sautján manns voru á launum hjá safninu á árinu 2015. Margir aðrir komu að verkefnum á vegum þess og tengdum því. Fimm voru í heilsársstöðum. Bryndís Zoëga, verkefnastjóri, Guðmundur St. Sigurðarson, sérfræðingur, Guðný Zoëga, deildarstjóri Fornleifadeildar, Inga Katrín D. Magnúsdóttir, kynningar- og fræðslufulltrúi og Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri. Verkefnaráðnar voru Sólborg Una Pálsdóttir, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Þórdís Anna Hermannsdóttir, allar fornleifafræðingar.

Safn- og staðarverðir voru níu. Þeir voru: Antoine Millet, Berglind Róbertsdóttir, Bryndís Rut Haraldsdóttir, Ísak Róbertsson, Karen Jónsdóttir, Óskar Smári Haraldsson, Philip Adrian Kvalvik, Stefanía G. Eyjólfsdóttir og Swanhild Ylfa K. R. Leifsdóttir.

Í rannsóknarhópum sem stundaði byggða- og kirkjusögurannsóknir voru 26 sérfræðingar og háskólanemar. Átta starfsmenn voru við störf í Áskaffi og tólf iðnaðar- og handverksmenn voru í afleiddum störfum vegna safnsins og fyrir það.

Grafið sýnir fjölda einstaklinga í safntengdum störfum á árunum 2006-2015. Teymi bandarískra rannsakenda, sem hafa komið ár hvert frá 2001, er ekki meðtalið.

Safngestir

Gestir á sýningum í Minjahússinu voru 2.284 og í gamla bænum í Glaumbæ 40.214, samtals 42.498 gestir. Sennilega hafa yfir 50 þúsund manns komið við á safnsvæðinu í Glaumbæ því samkvæmt talningu eina viku í maí og eina í september virðast um 22% gesta, sem koma inn á svæðið, alls ekki fara inn á sýningarnar. Einn kaldasta dag júlí komu 678 manns í gamla bæinn og það gerðist sem starfsmenn safnsins höfðu kviðið mest. Nokkrir hópar komu á sama tíma, flestir óbókaðir og vildu allir komast inn í einu. Það slapp fyrir horn í það skiptið fyrir velvilja allra. Starfsfólk stóð sig með stakri prýði og flestir leiðsögumenn hópa sömuleiðis. Þeir gestir, sem voru á eigin vegum, brugðust ótrúlega vel við flóðbylgjunum sem úthýsti þeim um stund. Yfir háannatímann er ekki lengur hægt að leyfa hópaleiðsögn inni í bænum og fjöldaskömmtun hefur verið tekin upp.

Þegar þessir Taílendingar komu í októberbyrjun fór safngestatalan í gamla bænum í Glaumbæ yfir fjörutíuþúsund, á árinu.

Fyrstu skólahóparnir komu í heimsókn í febrúar. Það voru krakkar úr fimmta bekk Varmahlíðarskóla. Með hækkandi sól komu nokkrir hópar menntskælinga, háskólanema og grunnskólanema í náms- og útskriftarferðum, héðan og þaðan af landinu.

Rýmri opnunartími sýninga

Vegna aukinnar eftirspurnar utan hefðbundins opnunartíma var safnið með opið miklu lengur en áður hefur verið. Frá konudegi til pálmasunnudags var gamli bærinn í Glaumbæ og Áshúsið, þ.m.t. kaffistofan Áskaffi opin alla sunnudaga milli 12 og 17 og gestavakt höfð á gamla bænum á skrifstofutíma. Frá páskum til 19. maí var opið frá 12-16 alla daga og 20. maí var opnunartíminn lengdur og haft opið alla daga til 20. september milli 9 og 18. Frá 21. september til 23. október var opið á milli 10 og 16 alla virka daga. Eftir það tók við gestavakt með óskilgreindum opnunartímum, þ.e. eftir pöntunum og samkomulagi. Þann 20. desember buðu starfsmenn safnsins gestum að ganga með sér í rökkrinu í bæinn og njóta þess að hlakka til jólanna. Það var í 20. sinn sem starfsmenn safnsins buðu til rökkurgöngu í bæinn. Án gjalds í öll skiptin.

Sýningarnar í Minjahúsinu á Sauðárkróki voru opnaðar laugardaginn 21. febrúar í tilefni af vetrarhátíð í Skagafirði. Húsið var svo opnað þann 1. júní fyrir gestum og þar var opið frá 12 til 19 alla daga til og með 31. ágúst.

Söfnun heimilda og skráningar

Safnið fékk marga merkilega gripi að gjöf. Þeirra á meðal voru forláta spegill og kistill með ártalin 1836 og upphafsstöfunum ÁSD, sem voru upphafsstafir Ástríðar Sigurðardóttur, konu Jóns Árnasonar, hreppstjóra, skálds og „uppistandara“ á Víðimýri. Hann drukknaði í Héraðsvötnum 1876. Ástríður flutti þá út á Sauðárkrók og var um tíma hótelhaldari á Hótel Tindastóli. Sömuleiðis fékk safnið afhentan ruggustól sér Hallgríms Thorlaciusar, sem bjó í Glaumbæ 1894-1935. Kistill Ástríðar er kominn í sýninguna í gamla bænum í Glaumbæ og ruggustól prestsins var komið fyrir í sparistofusýningunni á Áshúsloftinu.

Safngripir eru skráðir í gagnagrunninn *Sarp* (sem er miðlægur gagnagrunnur safna og fleiri stofnana landsins). Áhersla hefur verið á að ljósmynda safnmunina þannig að hægt sé að sjá þá um leið og flett er upp í gagnasafninu. Um leið og það er gert gerðu starfsmenn sér það að gamni að setja myndir af völdum gripum inn á fésbókarsíðu safnsins til að leyfa vinum safnsins þar að fylgjast með og giska á hverskyns grip er um að ræða. Þessir sundkútar, sem komu frá sundlauginni í Varmahlíð, vöktu mikla athygli þar sem þeir héngu á hurð í Gilsstofunni. Við sendum fyrirspurn til fésbókarvina safnsins um það hvort þeir myndu hvenær fyrst hefði verið farið að nota dekkjaslöngukúta við að læra að synda, hve lengi þeir voru í notkun og hvað þeir voru kallaðir. Það stóð ekki á svörum. Fólk mundi vel eftir þeim og í notkun, einkum fyrir norðan og vestan á milli 1950 til 1990 og voru kallaðir kútar, sundkútar eða sundblöðrur, eftir atvikum.

Millisafnalán

Sem fyrr sér Byggðasafnið Sögusetri íslenska hestsins og Vesturfarasetrinu fyrir munum til sýninga. Gestir á sýningu sögusetursins voru rétt um eitt þúsund en engar upplýsingar hafa fengist um fjölda gesta á Vesturfarasetursýningunum.

Safnið fékk framlengingu á láni bjarndýrs, sem fellt var við Þverárfjallsveg, þann 3. júní 2008, frá Náttúrufræðistofnun Íslands, til hausts 2017. Dýrinu er til sýnis í Minjahúsinu á Sauðárkróki. Ísbirnir eða hvítabirnir eins og þeir heita réttu nafni eru stærstu rándýr jarðarinnar og hafa marg oft hrakist til Íslands með rekís á undanförnum öldum. Þetta er fyrsta bjarndýrið sem steig á land á 21. öld.

Kljásteinavefstaður safnsins, sem geymdur er í Auðunarstofu var lánaður Ragnheiði Þórsdóttur, vefara, á sýningu í Ketilhúsinu á Akureyri.

Miðlun

Nefna má margskonar aðra miðlun en sýningar, sem voru þær sömu og í fyrra, óbreyttar. Á árinu voru unnar og gefnar út ýmsar leiðsagnir, kynningar, rannsóknaskýrslur, greinar, viðtöl o.fl.

Gefinn var út nýr kynningarbæklingur um safnið og safnsvæðið. Í bæklingnum eru ítarlegri upplýsingar en áður höfðu verið. Bæklingi þessum er dreift til upplýsingavera fyrir ferðamenn og ferðaþjónustusaðila innan héraðs.

Starfsmaður safnsins, Antoine Millet, vann nýjan texta á frönsku fyrir Áshússýningar. Merete Rabølle á Hrauni á Skaga þýddi nýjan dönskubækling og Sven Scharmueller endurvann þýska bæjartextann.

Rannsóknaskýrslur

Fimm rannsóknaskýrslur voru gefnar út og hafa verið birtar á **Gagnabanka** á heimsíðu safnsins, á www.glaumbaer.is/is/gagnabanki. Þær eru:
Strandminjar við austanverðan Skagafjörð, 3. áfangi. Bryndís Zoëga, 2015/153.
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Lögmannshlíð í Kræklingahlíð. Guðmundur St. Sigurðarson *og* Bryndís Zoëga, 2015/155,.
Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Húnaþingi vestra. Guðmundur St. Sigurðarson, 2015/156.
Keflavík on Hegranes: Cemetery Excavation Interim Report 2015. Guðný Zoëga, Douglas J. Bolender, Brian Damiata, John Steinberg, Byggðasafn Skagfirðinga/Fiske Center for Archaeological Research, UMass Boston BSk-2015-157 / SCASS-2015-1
Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Húnaþingi vestra. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, 2015/158.

Viðtöl, kynningar

Óvenju mikið var um að fjölmiðlar hefðu samband við starfsfólk safnsins í leit að upplýsingum og fræðslu. Gefin voru viðtöl vegna ýmissa sjónvarpsþátta, innanlands og utan.

Breska ríkissjónvarpið BBC vann að gerð heimildaþáttar um „geimfornleifafræði“ og voru minjar í Hegranesi hluti af viðfangsefni þáttarins. Starfsmenn safnsins aðstoðuðu við val á tökustöðum og rætt var við Guðmund og Guðnýju um fornleifar í Hegranesi og járnvinnslu á miðöldum.

Fréttablaðið tók Bryndísi Zoëga tali um Fornverkaskólanámskeið, 12. sept. Þá varð sú ósk sóknarnefndar Glaumbæjarkirkju um að kirkjan fengi hlutfall af aðgangseyri í gamla bæinn að fréttaefni í *Fréttablaðinu.*

Ítarlegt viðtal við Bryndísi Zoëga og Guðmundi St. í myndbandi um strandminjar í hættu, má sjá á: https://www.youtube.com/watch?v=bWBKh0WosWU.

RÚV gerði ljósmyndun safngripa og safngripaskráningu safnsins og skagfirsku kirkjurannsóknina að fréttaefni og Sigríður Sigurðardóttir fjallaði um fyrstu samtök kvenna, í innslagi sem Sagafilm gerði fyrir RÚV.

Stöð 2 tók viðtöl við Sigríði, Guðnýju og aðra sérfræðinga kirkju- og byggðasögurannsóknarinnar til efnisöflunar vegna gerðar heimildaþátta um Landnema á Íslandi og fjallaði um skagfirsku kirkjurannsóknina og þann vanda sem steðjar að safnsvæðinu í Glaumbæ vegna gestafjölda.

N4 fékk Sigríði Sigurðardóttur til að segja frá elsta kvenfélagi landsins í samnefndum þætti og fjallaði í fréttaskotum um safngesti og rökkurgöngur.

Ein fjölmiðlauppákoman var á vegum *Inspired by Iceland* og svaraði fyrirspurn um hvernig hægt væri að finna íslenska forfeður, frá skrifborði séra Hallgríms Thorlacíusar, í gestastofunni í Glaumbæ.

Greinar, erindi og ráðstefnur

Guðný skrifaði grein um beinagreiningar og lýðfræði sem birtist í *Norwegian Archaeological Review* og ásamt Dr. Kimmarie Murphy um heilsufar og lífsskilyrði á 11. öld í Skagafirði í *International Journal of Osteoarchaeology*.

Guðmundur og Guðný skrifuðu grein um fornleifarannsóknir á Skógum í Fnjóskadal, í *Árbók Fornleifafélagsins*, 2014.

Sigríður skrifaði um Byggðasafn Skagfirðinga í rit um *Byggðasöfn á Íslandi* sem Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands gaf út. Hún skrifaði einnig um vefstaðarsmíði og vefnaðarnámskeið á vefstað fyrir ritið *Klingjande steinar* sem Museumsenteret i Hordaland gefur út og hún aðstoðaði einnig Sóleyju Guðmundsdóttur með sögutexta fyrir smáforritið Lifandi landslag, sjá http://lifandilandslag.is/.

Guðný hélt fyrirlestur á ráðstefnunni Being Medieval sem haldin var á vegum Medieval Archaeology í Preston á Englandi í desember og talaði þar um íslenskar miðaldafjölskyldur út frá vitnisburði beinafræðinnar. Hún hélt einnig fyrirlestur um skagfirsku kirkjurannsóknirnar á aðalfundi Hins íslenska fornleifafélags.

Bryndís og Guðný sóttu, fyrir hönd Fornverkaskólans og Byggðasafnsins, Earth Building UK (EBUK) ráðstefnu í Errol í Skotlandi í júní. Ráðstefnan fjallaði um hvernig jarðefni hafa verið notuð í hefðbundnum byggingararfi Evrópu og hvernig má nota hann í nútíma arkitektúr. Á ráðstefnunni var sérstök kynning á torfi og notkun þess sem skoskir nemendur Fornverknaskólans sáu um.

Guðmundur tók þátt í árlegri ráðstefnu Evrópskra fornleifafræðinga sem haldin var í Glasgow í Skotlandi í september þar sem hann tók þátt í að skipuleggja og halda utan um málstofu um forna járnvinnslu.

Á EBUK ráðstefnunni komu saman fjölmargir sérfræðingar, bæði handverksmenn og fræðimenn til að kenna og fræðast um Evrópskar byggingar úr ýmiskonar jarðefnum og handverkshefðir sem þeim tengjast. Hér sést veggur sem gerður er úr þjappaðri mold.

Sigríður sótti Farskóla safnmann sem haldinn var á Höfn á Hornafirði og fjallaði um varðveislu og grisjun.

Elísabet Steinunn Jóhannesdóttir endurútgaf bókina *Skagfirskir rósavettlingar*, sem Sigríður Sigurðardóttir skrifaði textann í.

Misjafn er sauður í mörgu fé

Að kvöldi dags þann 28. ágúst var brotist inn í gamla bæinn í Glaumbæ og 20. þús. kr. stolið úr peningakassa safnsins. Lás á útidyrum var brotinn upp þannig að gengið var markvisst að verki og greinilegt að viðkomandi var í peningaleit því ekki var hreyft við öðru. Sem sannarlega ber að þakka þar sem lítil eftirsjá er í nokkrum pappírsköllum miðað við ómetanlega safngripi.

Fyrirbyggjandi aðgerðir og viðgerðir

Í mars komu Guðrún Hildur Rosenkjær og Ásmundur Kristjánsson til að setja búninga Sigurlaugar Gunnarsdóttur (1828-1905), í Ási í Hegranesi og Bjargar Sigríðar Önnu Eiríksdóttur (1865-1928), á Sauðárkróki, sem eru í sýningu í Áshúsinu, á nýjar gínur.

Gínurnar eru sniðnar að búningunum og fara mun betur með þá en þær sem notaðar voru áður. Búningur Sigurlaugar, sem hún saumað á árunum 1864-1867, er mikið útsaumuð, marglit flík og saumuð samkvæmt tillögum Sigurðar Guðmundssonar (1833-1874) málara. Hið sama má segja um faldbúning Bjargar, sem Steinunn Thorsteinsson (1886-1978) saumaði á árunum 1907-1909. Í tilefni gínuskiptanna gaf Hildur safninu hvíta bómullarblæju með franskri blúndu, sem verður notum framvegis við búning Sigurlaugar. Báðir búningarnir eru með blóma-mynstri frá Sigurði málara

Á minni myndinni, hér fyrir neðan, sem felld er ofaní þá stærri sést kamarinn sem var norðan við Áshúsið um 1940, eins og hitaveitukassinn.

Heitavatnsinntak og -grind voru færð útfyrir húsvegg á Gilsstofunni og Áshúsinu til að koma í veg fyrir möguleika á slysum af völdum heita vatnsins en grind og kranar hafa gefið sig fyrir því í tví- og þrígang í safnhúsunum. Trésmiðir frá Trésmíðaverkstæðinu Ýr voru fengnir til að smíða kassa utanum hitaveituboxin, sem líta nú út eins og kamrar. Þeir fara vel og minna á tímabil kamranna á 19.-20.öld. Kamar stóð einmitt norðan við Áshúsið eins og sjá má á vatnslitamynd Magnúsar Jónssonar frá 1940.

Fornverksmenn hellulögðu gangstétt á hlaði og í kring um gamla bæinn og á milli húsa og bílastæða til að leiða umferð gangandi til og frá húsum. Ágangur er orðinn það mikill að þessi framkvæmd var nauðsynleg. Stígarnir í Glaumbæ eru lagðir úr náttúrulegum hellum í þær rásir sem þegar hafa mótast í og við bæinn. Þjóðminjasafn Íslands kostaði aðgerðirnar og lagði á ráðin um framkvæmd hennar. Þessi framkvæmd var ein þeirra sem unnin var samkvæmt tillögum frá Þjóðminjasafni Íslands til ríkisstjórnar, sem veitti fé til að leggja göngustíga á safnsvæðinu í Glaumbæ. Í sömu atrennu og af sama toga var hlaðinn garður umhverfis hús gamla torfbæjarins á Stóru-Ökrum.

Fornverkaskólinn og Tyrfingsstaðaverkefnið

Annan júní 2015 var endurnýjað samkomulag milli Byggðasafns Skagfirðinga og Kristínar F. Jóhannsdóttur á Tyrfingsstöðum um afnot safnsins af húsum jarðarinnar sem vettvang kennslu í torfhleðslu og trésmíðum og viðhaldi gamalla bygginga. Við munum halda áfram að halda námskeið þar eins og verið hefur sl. átta ár, undir merkjum Fornverkaskólans og gera við jafnóðum þá húsparta sem ekki henta til námskeiðahalds. Tyrfingsstaðaverkefnið er eitt af mörgum farsælum verkefnum safnsins.

Námskeið 2015

Dagana 7.-10. september var haldið námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði. Nemendur voru átta. Á námskeiðinu voru veggir kofans frammi á hlaði hlaðnir upp og grind smíðuð í hesthúsið sunnan framhúss. Þægilegt var að hafa verkefni á tveimur stöðum og skipta hópnum í tvennt á meðan unnið var. Grindin í hesthúsið var reist og nærþakið sett á. Kennsla í torfhleðslu var í höndum Helga Sigurðssonar hjá Fornverki ehf. eins og fyrri ár og Bragi Skúlason ásamt Atla Má Óskarssyni sáu um kennslu í grindarsmíði.

Seinna um haustið luku starfsmenn Fornverks ehf. við verkið, kláruðu að hlaða kofann upp, smíðuðu grind í húsið og tyrfðu þakið. Sjá nánar um starfsemi Fornverkaskólans á heimasíðu hans www.fornverkaskoli.is.

Hreinsað var úr hesthúsinu árið 2008 og veggir hlaðnir upp að hluta en þeir voru kláraðir á námskeiðinu.

Þarna er búið að reisa grindina og flestir raftarnir komnir á sinn stað.

Kofinn á hlaðinu var hreinsaður, mældur og metinn áður en viðgerð hófst. Hann stóð nokkuð vel til 2014 en þá féll hann saman.

Lögð lokahönd á þakið á kofanum frammi á hlaði. Frá vinstri: Gísli Sigurðsson, Sigurður M. Björnsson og Helgi Sigurðsson.

Ýmis verkefni, samstarf og þjónusta

Safnið er í samstarfi við nokkra aðila heima og heiman, einstaklinga og félög. Flest tengjast þau menningarferðaþjónustu. Þegar eru nefnd safnmunalán til sýninga hjá Vestur-farasetrinu á Hofósi og Sögusetri íslenska hestsins og lán á ísbirni frá Náttúrustofnun Íslands.

Víðimýrarkirkja. Starfsmenn safnsins leystu staðarhaldara á Víðimýri af við eftirlit með kirkjunni, eins og mörg sl. sumur.

Á Sturlungaslóð. Sturlungaslóðarfélagar lásu Haukdælaþátt milli 10:30 og 12 nokkra sunnudaga í febrúar og mars. Í nóvember var Hrafns saga Sveinbjarnarsonar lesin. Lesturinn fór fram í Áshúsinu/Áskaffi.

Unnir voru sýningartextar fyrir Þjóðminjasafn Íslands sem ætlað er að fara í gamla bæinn á Stóru-Ökrum og í Nýjabæ á Hólum, í Hjaltadal. Annarsvegar um torftöku, -meðferð og -hleðslu og hinsvegar um stafverksbyggingar.

Handverkssýning. Brugðið var upp handverkssýningu í baðstofunni í Glaumbæ í júlí eins og gert hefur verið sl. 22 ár, eða frá 1994. Margrét Ingvarsdóttir spann hrosshár og stímaði hrosshárstaum, Harpa Arnljótsdóttir fléttaði hrosshárstaum, Kristín Helgadóttir heklaði blúndu, Guðríður Helgadóttir prjónaði rúmábreiðu úr togi og María Helgadóttir prjónaði ullarsokk.

Myndin er tekin 26. júlí 2015 þegar brugðið var á leik í baðstofunni og sýnd gömul handbrögð.

Styrkir

Fornminjasjóður veitti safninu samtals 5 millj. kr. 1 milljón til 1. áfanga rannsókna á strandminjum við vestanverðan Skagafjörð, 3 millj. kr. til 3. áfanga skagfirsku kirkjurannsóknarinnar og 1. millj. kr. til 8. áfanga byggðasögurannsókna í eyðibyggðum og afdölum.

Safnasjóður veitti safninu samtals 3 millj. kr. 1 til reksturs, 1 millj. kr. til munaljósmyndunar og 1 millj. kr. til skráninga á myndefni frá Tyrfingsstaðaverkefninu.

Húsafriðunarsjóður lagði 700 þús. kr. til Tyrfingsstaðaverkefnisins.

Uppbyggingarsjóður styrkti safnið um 250 þús. kr. til útgáfu rits um þrifnaðarhætti í torfbæjum og 300 þús. kr. til Fornverkaskólans til að halda námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði.

Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar veitti Fornverkaskólanum 300 þús. kr. styrk til námskeiðahalds á Tyrfingsstöðum.

Bandaríska rannsóknarráðið, *National Science Foundation/NSF* veitti $688.000 – 90 milljóna króna styrk til þriggja ára til Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsóknarinnar / Skagafjörður Church and Settlement Survey. Rannsóknin er þverfaglegt samstarfsverkefni og um leið sjálfstætt framhald byggðasögurannsókna Byggðasafnsins, á fornum

kirkjugörðum og eyðibyggðum í Skagafirði, og rannsóknum bandaríska teymisins á byggðaþróun á Langholti, sem staðið hafa yfir í nokkur ár. Safnið fær 5 millj. kr. í sinn hlut á hverju ári í þrjú ár. Þessi styrkur og samstarf skiptir gríðarlega miklu máli fyrir framhald fornleifarannsókna á sviði byggða- og kirkjusögu í héraðinu og mikil viðurkenning fyrir rannsóknirnar og þá starfsmenn safnsins sem að þeim koma.

Starfsemi Fornverkaskólans var í lágmarki þar sem umtalsvert færri og smærri styrkir fengust til verkefnisins en undanfarin ár.

Starfsemi Fornleifadeildar 2015/Guðný Zoëga
Starfsemi Fornleifadeildar var að vanda fjölbreytt og komu starfsmenn hennar víða við. Unnið var að rannsóknum auk ýmissa þjónustuverkefna innan héraðs og utan. Tvær rannsóknir innan héraðs voru stærstu verkefnin, annars vegar Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar sem unnið er í samstarfi við Byggðasögu Skagafjarðar og svo Skagafirska kirkju- og byggðasögurannsóknin, þverfarleg fornleifarannsókn, sem fram fer með styrk frá Bandaríkjunum. Inn í síðarnefndu rannsóknina fléttaðist svo þriðja stóra verkefnið sem var fyrsta ár heildarar uppgraftar kirkjugarðs úr frumkristni í landi Keflavíkur í Hegranesi. Starfsmennirnir komu einnig að annarri grunnstarfsemi safnsins, skráningu, ljósmyndun, viðburðum og kynningum sem ekki verða tíunduð nánar hér.

Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin

Jarðsjármælingateymi við vinnu sína. Mynd SCASS

Sumarið 2015 var fyrsta fulla vettvangstímabil Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsóknarinnar. Með rannsókninni er ætlunin að skoða byggðaþróun og samspil kirkju- og byggðasögu Rannsóknin fer fram í Hegranesi þar sem að gerðar verða fornleifarannsóknir sem ná til allra jarða í Nesinu. Um er að ræða ítarlega fornleifaskráningu og víðfeðmar borkjarnarannsóknir auk jarðsjármælinga og töku könnunarskurða. Ekki er enn búið að fullvinna úr gögnum sumarsins en reiknað er með að niðurstöðurnar komi út í skýrslum á

vordögum 2016. Alls komu 24 íslenskir og bandarískir sérfræðingar og nemar að rannsóknum sumarsins.

Á vegum Kirkju- og byggasöguverkefnisins var hafinn uppgröftur á 11. aldar kirkjugarði í Keflavík í Hegranesi. Þar komu í ljós leifa kristins grafreits og kirkju. Garðurinn hefur að mestu verið í notkun á 11. öld en kirkjan sem grafin var fram hefur verið endurbyggð snemma á 12. öld. Alls voru 15 grafir opnaðar sumarið 2015, átta höfðu verið teknar snemma á 11. öld en sex voru frá 10. öld. Jarðsjármælingar gefa til kynna að tugir grafa kunni enn að vera í garðinum og því mikið verk framundan. Ætlunin er að rannsóknin standi tvö sumur í viðbót en það ræðst þó af hvað það næst að klára mikið sumarið 2016.

Verkefnið heldur úti bloggi og fésbókarsíðu þar sem sagt er frá viðburðum vettvangs-tímabilsins og niðurstöðum rannsókna. Allar skýrslur verkefnisins er líka að finna á gangabanka á heimasíðu safnsins. Þar sem um fjölþjóðlegt samstarfsverkefni er að ræða eru allar skýrslur á ensku en samantekt niðurstaðna á íslensku verða einnig birtar.

Yfirlitsmynd af kirkjugarðinum í Keflavík eftir yfirborðshreinsun. Hvíti hringurinn er Heklugjóska frá 1104. Gjóskulausi flöturinn í miðju hrings er grundvöllur kirkjunnar sem hefur staðið þegar gjóskan féll.

Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar

Síðasta sumar fóru fram fornleifarannsóknir í Hrolleifsdal, Sléttuhlíð, Flókadal og víðar í Haganeshreppi. Rannsóknirnar voru hluti af verkefninu Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar, sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga og Byggðasögu Skagafjarðar og unnið sameiginlega af starfsmönnum þeirra. Alls hafa um 100 staðir verið rannsakaðir í Skagafirði öllum en miklu fleiri staðir hafa verið mældir upp og skráðir. Sumarið 2015 var hið afkastamesta síðan rannsóknarinnar hófust árið 2003. Alls voru 23 staðir aldursgreindir með notkun kjarnabors og gjóskulaga en auk þess var óvanalega mikið mælt upp af selstöðum. Í heild voru skráð 24 sel í Flókadal, Hrolleifsdal, Brunnárdal, Skálárdal og eitt sel á Stafárdal. Næstu tvö sumur er ætlað að framhald verði á rannsóknum í Fljótum þar sem skoðuð verða fornbýli, fornir kirkjustaðir sem og hin virkjamiklu garðlög sem þar er að finna.

Starfsmenn Byggasögu og Byggðasafns við rannsóknir á Geirmunarhóli í Hrolleifsdal. Sumarið 2015 var fyrst dróni safnsins, DJI Phantom Vision3+ tekinn í notkun og er myndin einmitt tekin með honum. Myndataka úr dróna getur ekki eingöngu bætt við auðfengnum loftmyndum til notkunar við útgáfu heldur gerir hann það einnig kleyft að taka myndir frá mismunandi sjónarhornum og birtuskilyrðum sem gagnast við að greina óljósar minjar og samhengi stærri minjaheilda sem erfitt er að ákvarða á jörðu niðri.

Strandminjaskráning

Á árunum 2012-2014 fór fram fornleifaskráning á strandminjum við austanverðan Skagafjörð og 2015 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til samskonar verkefnis við vestanverðan fjörðinn. Á haustmánuðum var strandlínan frá Gauksstöðum á Skaga að vesturósi Héraðsvatna. Samtals voru skráðar 169 minjar og þar af fundust eða var hægt að staðsetja 144 með viðunandi nákvæmni. Fyrstu niðurstöður benda til að rúmlega helmingur þeirra minja sem liggja innan við 100m frá sjávarbakka er í hættu vegna landbrots af völdum sjávar. Haldi landbrotið áfram með sama hætti mun fjöldi minja fara í sjó á næstu árum og áratugum og þar með merkilegar heimildir um nábýli við hafið; útræði og gamla búskaparhætti. Fáist styrkur til verkefnisins verður því áframhaldið sumarið 2016.

Mynd af minjum sem eru að fara í sjó við Gjávík í Sléttuhlíð. Myndin er tekin með dróna.

Önnur verkefni

Fornleifadeildin tók einnig að sér nokkur verkefni í útseldri vinnu. Stærstu verkefnin voru fornleifaskráningar vegna lagningar ljósleiðara og hitaveitu í Húnaþingi vestra. Einnig var hafin vinna við fornleifaskráningu og framkvæmdaeftirlit vegna yfirstandandi lagningar hitaveitu í Fljótum. Fornleifaskráning var unnin vegna deiliskipulags við Hengifoss í Fljótsdal.

Fornleifaskráning var einnig unnin á völdum svæðum á Héraði fyrir Hjörleif Guttormsson í tengslum við ritun Árbókar Ferðafélas Íslands. Verkefnið var unnið með styrk frá Fornminasjóði.